

Ed.

533. Frumvarp til laga

[260. mál]

um breyting á lögum nr. 107/1978, um sérstakt tímabundið vörugjald.

Flm.: Helgi F. Seljan.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli niður úr B-lið 1. gr. laganna: 92.01.00, 92.02.00, 92.03.09, 92.04.01, 92.04.09, 92.05.00, 92.06.00, 92.07.01, 92.07.09, 92.08.00, 92.10.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar frv. um tímabundið vörugjald kom til umræðu á Alþingi í vetur var mjög rætt um réttmæti þess að leggja svo hátt gjald á hljóðfæri sem það frv. gerði ráð fyrir. Menntamálaráðherra lagði áherslu á það þá, að á þessu þyrfti að fást leiðrétting, stjórnarandstaðan flutti tillögu um niðurfellingu þess, en sú tillaga var felld í ljósi þeirrar yfirlýsingar, sem fjármálaráðherra gaf um að hann mundi taka málið til vinsamlegrar og jákvæðrar athugunar.

Þar sem enn bólar hér ekki á leiðréttingu þykir flm. þessa frv. rétt að færa það inn í þingið, ef vera kynni að annað tveggja gerðist, frv. yrði samþykkt eða fjármálaráðherra beitti sér fyrir nauðsynlegustu leiðréttingum hér á, svo sem okkur stjórnarsinum þótti eðlilegt í desember að gefa honum færi á. Um þessa skattheimtu má eflaust deila eins og margt annað, en þó er hér um að ræða vöruflokk, sem snertir snaran þátt í menningarlífi okkar og æ fleiri taka þátt í sér og öðrum til ánægju og lífsfyllingar. Það er því fyllsta ástæða til þess að gaumgæfa réttmæti svo mikillar skattheimtu á hljóðfæri sem raun ber vitni.

Flm. þessa frv. hefur til þess alveg sérstaka ástæðu og raunar skyldu að hreyfa þessu máli og freista þess að fá þar á nokkra bót. Hann hefur tvívegis fengið samþykka þingsályktun um aukna tónmenntafærslu, þá síðari, sem laut sérstaklega að samræmingu tónlistarkennslu í grunnskólum og tónlistarskólum, m. a. með því að færa undirstöðuatriði í hljóðfæraleik í sem ríkustum mæli inn í grunnskólana.

Skattheimta sem þessi gengur þvert á meginhugsun þeirrar tillögu, sem Alþingi hefur gert að ályktun sinni og fyrst og fremst beinist að sem almennastri hlutdeild fólks í þessari listgrein, þó misjafn árangur náist og keppt sé að mismunandi marki hjá hverjum og einum. Efnahagsleg mismunun í þessari hlutdeild þarf að verða sem allra minnst, og ekki síst af þeirri ástæðu er frv. þetta flutt, sem að öðru leyti skýrir sig sjálf.

Hér með fylgir listi um vörutegundir, sem undir þau tollskrárnúmer falla sem í frv. felast.

Tollskrárnúmer

- 92.01.00 Píanó (hér með talin sjálfspilandi píanó með eða án nótnaborðs), „harpsichord“ og önnur strengjahljóðfæri með nótnaborði, hörpur (þó ekki vindhörpur).
- 92.02.00 Önnur strengjahljóðfæri.
- 92.03.09 Pípu- og tunguorgel, þar með talin harmóníum og önnur svipuð hljóðfæri, önnur en skv. tollskrárnúmeri 92.03.01, þ. e. a. s. orgel til notkunar í kirkjum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins.
- 92.04.01 Munnhörpur.
- 92.04.09 Harmóníkur, concertínur og önnur svipuð hljóðfæri.
- 92.05.00 Önnur blásturshljóðfæri.

Tollskrárnúmer

- 92.06.00 Slaghljóðfæri (t. d. trommur, xylófón, cymbal og kastanjettur).
- 92.07.01 Rafsegul-, rafstöðu- eða rafeindabúin píanó og orgel.
- 92.07.09 Rafsegul-, rafstöðu-, rafeindabúin hljóðfæri og önnur svipuð hljóðfæri önnur en skv. tollskrárn. 92.07.01 og 92.07.02, en undir síðasttöldu greinina falla orgel til notkunar í kirkjum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins.
- 92.08.00 Hljóðfæri sem teljast ekki til neins annars númers þessa kafla (t. d. orkestrion, lírukassar, spiladósir og hljómsagir), mekanískir söngfuglar, hvers konar tálflautur, merkjahorn og merkjaflautur blásnar með munninum (t. d. bátsmannsflautur).
- 92.10.00 Hlutar og fylgitæki til hljóðfæra (þó ekki strengir), þar með talinn gataður pappír eða pappi í mekanísk hljóðfæri og valsar í spiladósir, taktmælar, tóngafflar og tónflautur hvers konar.